
fréttir



■ Hollenska listakonan Marleen Buys opnar sýningu á verkum sínum í fremri sal Nýlistasafnsins, föstudaginn 22. júlí kl. 21.00. Marleen býr og starfar í Amsterdam. Vinnur hún verk sín aðallega í gips, plast, vatn og pappír. Verkin á sýningunni mynda heild í tengslum við umhverfi sitt, en einnig er hægt að skoða hvert verk fyrir sig sem sjálfstæða einingu. Sýningin stendur til 31. júlí og verður opin frá 16–22 virka daga og 14–22 um helgar.




■ Finnski áhugamannaleikhópurinn „Amatörteatorgruppen från Jonesuu", sýnir laugardaginn 23. júlí klukkan 20.30 í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut, Söng Marjöttu, eftir Pirrko Jaakola, sem kemur með hópnum. Leikhópurinn er hér á vegum Stúdentaleikhússins. Söngur Marjöttu verður aðeins sýndur í þetta eina sinn í Reykjavík. – Jól.

Verslunar-mannahelgin:

Bindindis-mótið í Galtalæk

■ Bindindismótið í Galtalæk verður haldið nú um verslunarmannahelgina eins og s.l. 20 ár. Það eru íslenskir ungtemplarar og Umdæmisstúka Suðurlands sem annast hafa undirbúning og framkvæmd þessara bindindismóta. Að þessu sinni stendur það frá föstudeginum 29. júlí til mánudagsins 1. ágúst. Fjölbreytt dagskrá verður og miðar að því að hún sé við hæfi allra aldurshópa. Hljómsveitin Dansbandið og plötutekið DEVO leika fyrir dansi. Jörundur og Laddi stjórna barnatíma og sýndur verður Þórskabarett. Margt, margt fleira verður á dagskrá. Aðgöngumiðaverð er kr. 450 fyrir fullorðna en börn 12 ára og yngri fá frítt inn. Aðstaða til dvalar er góð og tjaldsvæði skjólgóð og umhverfið er fagurt. Hreinlætisaðstaða er með besta móti og löggæsla og sjúkrahjálp verða á mótsstað. Allir þeir sem ekki nota áfengi á þessum stað eru hjartanlega velkomnir í Galtalækjarskóg um verslunarmannahelgina. – Jól.



■ Magnús V. Guðlaugsson opar sýningu í stærri sal Nýlistasafnsins við Vatnsstíg föstudaginn 22. júlí kl. 21.00. Er þetta sjöunda einkasýning Magnúsar en hann hefur áður sýnt og starfað að myndlist bæði hér heima og erlendis. Öll málverk Magnúsar sem á sýningunni eru hafa verið unnin á þessu ári. Sýningin stendur til 31. júlí og verður opin frá kl. 16–22 virka daga, en kl. 14–22 um helgar.



■ Það er fagurt í Galtalæk og fínt að vera.

Feikifjör í Eddunni

■ Farþegaferjan EDDA er nú í sinni áttundu ferð með íslenska og erlenda ferðamenn til Newcastle í Bretlandi og Brimahöfn í V-Þýskalandi. Uppselt var í ferðina og bókanir í nærri átta ferðir, sem eftir eru, eru mjög góðar, en síðasta ferðin verður í byrjun september n.k.

Það eru Stuðmenn sem nú eru í ferðinni með skipinu og skemmta þeir farþegum og kynna nýjustu plötu sína „Gráa fiðringinn" þegar pólska stórbandið er ekki að leika. Í næstu ferðum verður boðið upp á úrval þekktra skemmtikrafta og má þar nefna t.d. Róbert Arnfinnsson og Bubba Morthens sem dæmi. Ýmsir þjóðkunnir menn fara sem fararstjórar, eins og t.d. Guðni Guðmundsson rektor og Bryndís Schram ritstjóri. Boðið er upp á ýmsar sérferðir, eins og t.d. rokkferð til Englands með Bubba Morthens og fleira. Verðlag um borð er nokkuð hagstætt, t.d. kostar bjórinn ekki nema 28 kr.

– Jól.

Frægur kirkjukór sækir Ísland heim

■ Kór St. Nikolaikirkjunnar í Hamborg kom í tónleikaferð til Íslands í gær. Stjórnandi kórsins er hinn þekkti orgelleikari í Hamborg, Ekkehard Richter, en þetta er í annað sinn sem hann kemur til landsins með kór. Nú eru í för með kórnum strengjakvartett og tveir einsöngvarar, þau Angelika Henschen sópran, og Meta Richter, alt.

Efnisskrá kórsins er mjög fjölbreytt og verða fluttar margar sígildar perlur tónbókmenntanna. Þar á meðal verk eftir Vivaldi, Bach, Reger, David, Heinrich Schütz og Kuhnau. Tónleikarnir verða ókeypis en efnisskráin verður til sölu við innganginn.

Fyrstu tónleikar kórsins verða í tengslum við Skálholtshátíð og syngur kórinn í Skálholtsdómkirkju sunnudaginn 24. júlí kl. 16:15. Næstu tónleikar kórsins verða svo í Landakirkju í Vestmannaeyjum 25. júlí kl. 20:30. Fimmtudaginn 28. júlí verða svo tónleikar í Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit og verða þeir kl. 21:30. Laugardaginn 30. júlí verða tónleikar í Egilsstaðakirkju og hefjast þeir kl. 21:00. Sunnudagskvöldið 31. júlí verða tónleikar í Hafnarkirkju í Hornafirði og munu þeir haldnir sem fjáröflunartónleikar fyrir orgelsjóð Hafnarkirkju. Síðustu tónleikar kórsins verða svo í Háteigskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 2. ágúst kl. 20:30.

Það eru Biskup Íslands og Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar sem annast hafa fyrirgreiðslu kórsins hér, en kórinn er hér í boði biskupsembættisins. Kórinn er aðeins þriggja ára og skipaður úrvals söngvurum, en við Nikolaikirkjuna er jafnframt annar kór, en í þeim kór eru 100 félagar.

Þess má að lokum geta að íslenskir kórar hafa sótt Nikolaikirkjuna heim. Meðal annars söng Kirkjukór Akraness þar 1980 og fyrirhugað er að barnakór Akraness haldi þar tónleika sumarið 1984.

–ÞB

Orgeltónleikar í Skálholtskirkju

■ Svisslendingurinn Jürg Brunner heldur í dag, laugardaginn 23. júlí, orgeltónleika í Skálholtskirkju. Efnisskráin er orgelverk eftir Bruns, Clérambult og Alain, auk þess leikur hann af fingrum fram íslenskt sálmalag. Daginn eftir, sunnudaginn 24. júlí, flytur Brunner sömu efnisskrá í Háteigskirkju í Reykjavík.

–Jól.

Norskur kór í heimsókn.

■ Sunnudaginn 24. júlí n.k. kl. 17.00 heldur blandaður kór frá Stavanger í Noregi, tónleika í Norræna húsinu. Flytur kórinn baráttusöngva víðsvegar að úr heiminum. Kórinn kemur hingað í samvinnu við tónlistarsamband alþýðu, TÓNAL. Stjórnandi kórsins er Geirtrud Odden.

– Jól



■ Unnið að uppsetningu sýningarinnar á Kjarvalsstöðum. Tímamynd: Róbert.

80 listaverk Reykjavíkurborgar til sýnis


■ Laugardagin 23. júlí verður opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á listaverkum í eigu Reykjavíkurborgar. Verk þessi voru keypt á árunum 1980–1983, og eru samtals 80.

Árið 1980 var borgarfulltrúum í stjórn Kjarvalsstaða falið að annast innkaup listaverka fyrir Reykjavíkurborg, og var samtímis farið að veita ákveðna upphæð til listaverkakaupa.

Listráðunaut Kjarvalsstaða var falin framkvæmdin, svo og skráning og umsjá listaverkanna. 80 verk hafa verið keypt á þessu tímabili. Í stjórn Kjarvalsstaða 1980 voru Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Davíð Oddsson. Þau keyptu helming verkanna á sýningunni, þ.e. nr. 1–41 á skrá. Á miðju ári 1982 tóku við stjórn Einar Hákonarson, Hulda Valtýsdóttir og Guðrún Erla Geirsdóttir. Þau keyptu verk nr. 42–80.

Á sýningunni eru málverk, teikningar, grafíkverk, vefnaður og skúlptúr. Guðmundur Benediktsson og Stefán Halldórsson undirbjuggu og settu sýninguna upp í samráði við listráðunaut Kjarvalsstaða.

Sýningin verður opnuð kl. 14 á laugardag og verður síðan opin daglega frá kl. 14–22 fram til 21. ágúst.



■ Hér eru þeir Gunnar Bjarnason, formaður félags Trabanteigenda, og Þjóðverjinn Knöchel með heiðursskjalið sem Trabantverksmiðjurnar heiðruðu hinn nýja félagsskap með. Tímamynd Árni Sæberg

Aðalfundur Trabanteigenda:


Fengu heiðursskjal frá verksmiðjunum

■ „Mig langar til þess að segja frá því hvernig nafn félagsins varð til. Það var með þeim hætti að ég þurfti að fara að standa í bílakaupum og í mér börðust tveir ólíkir menn. Annars vegar sá sem sagði mér að ég ætti að láta stöðu mína í þjóðfélaginu ráða ferðinni og bílasnobbið, eða hinn sem sagði að ég yrði að láta pyngjuna ráða ferðinni og kaupa bíl eftir því sem laun leyfðu, þ.e. að láta skynsemina ráða", sagði Gunnar Bjarnason formaður félags Trabanteigenda sem ber heitið „Skynsemin ræður", á aðalfundi félagsins sem var haldinn s.l. laugardag.

„Niðurstaða þessarar innri baráttu og sálarstríðs míns varð sú að skynsemin varð ofan á og var þar með látin ráða, og þess vegna hlaut félagið seinna meir nafnið „Skynsemin ræður", sagði Gunnar enn fremur.

Á fundinn var mættur sérfræðingur frá Trabantverksmiðjunum í Þýskalandi Knöchel að nafni, og hélt hann fyrirlestra og sýndi myndir um hvernig bílarnir eru framleiddir og um viðhald og viðgerðir á Trabantbifreiðum. Á eftir urðu nokkrar umræður meðal fundarmanna og fyrirspurnum var beint til þýska sérfræðingsins um eitt og annað sem oft hrjáir íslenska bílaeigendur eins og bensíneyðslu, kulda og og vonda vegi. Fram kom að verksmiðjurnar hafa nú látið hanna nýjan blöndung sem er mun vandaðri og fullkomnari en sá fyrri og hefur bensíneyðsla náðst verulega niður eftir að hann kom. Daginn eftir fundinn gafst Trabanteigendum kostur á að koma með bíla sína til skoðunar hjá sérfræðingnum og lagfærði hann eftir föngum og gaf mönnum ráðleggingar. Hann færði síðan félaginu að gjöf skrautritað leðurskjal frá Trabantverksmiðjunum, en að hans sögn hefur félagsskapur þessi vakið mikla athygli í Þýskalandi.

Að sögn Júlíusar Ingvarssonar hjá Trabantumboðinu munu nýjar Trabantbifreiðar nú kosta um 90 þúsund krónur sem er verulega lægra verð en á öðrum smábílum af svipaðri stærð. Félagar í „Skynsemin ræður" eru um 70 talsins núna. –ÞB



Skyndihjálparpúðar

■ Rauði kross Íslands hefur látið útbúa skyndihjálparpúða sem innihalda allra nauðsynlegustu gögn til skyndihjálpar s.s. sáraböggla, teygjubindi, grisjur, skæri, plástra o.fl. og ættu svona skyndihjálpargögn að vera sjálfsögð í hverjum einasta bíl, hverjum bústað og hverjum bakpoka. Þá eru og í púðunum bæklingurinn SKYNDIHJÁLP sem notaður er á skyndihjálparnámskeiðunum um land allt. Deildir Rauða krossins geta útvegað púðana með stuttum fyrirvara en auk þess fást þeir í OLÍS-búðunum.

– Jól.